

Gagnatöflur váttryggingafélaga - þriðji ársfjórðungur 2018

Inngangur

Fjármálaeftirlitið hefur hafið birtingu gagnatafla íslenskra váttryggingafélaga á samandregnu formi. Gagnatöflurnar byggja á ársfjórðungslegum gagnaskilum váttryggingafélaga á móðurfélagsgrunni og ná aftur til fjórða ársfjórðungs 2016.

Með gildistöku laga um váttryggingastarfsemi nr. 100/2016, sem byggja á svokallaðri Solvency II tilskipun Evrópusambandsins (ESB) og tóku gildi þann 1. október 2016 er váttryggingafélögum gert að skila reglulegum skýrslum um ýmsa þætti starfseminnar á samræmdu formi.

Fjármálaeftirlitið hefur fram að þessu birt gagnatöflur váttryggingafélaga árlega. Frá og með þessari birtingu verður birtingin ársfjórðungslega á samandregnu formi eins og hér má sjá.

Hér að neðan er að finna samantekt á þróun helstu stærða úr rekstri skaðatryggingarfélaga og líftryggingarfélaga á þriðja ársfjórðungi. Þá er hér jafnframt að finna samanburð á samsettu hlutfalli, kostnaðarhlutfalli og samsetningu eigna váttryggingafélaga á EES eftir ríkjum. Frekari tölfræði um rekstur evrópskra váttryggingafélaga má nálgast á vef Evrópsku váttrygginga- og lífeyrissjóðseftirlitsstofnunarinnar (EIOPA) [hér](#).

Skaðatryggingafélög – þriðji ársfjórðungur 2018

Iðgjöld tímabilsins í eigin hlut námu 44,8 ma. kr. við lok þriðja ársfjórðungs ársins og aukast um 9,3% frá sama tíma í fyrra.

Það sem af er ári er tap af skaðatryggingarstarfsemi sem nemur 944 millj. kr. Samsett hlutfall skaðatrygginga (í eigin hlut) nam 102,2% við lok þriðja ársfjórðungs 2018 en var 102,5% á sama tímabili í fyrra. Samsett hlutfall lögbundinna ökutækjatrygginga var 106,1% og 95,3% í öðrum ökutækjatryggingum.


Heildareignir skaðatryggingarfélaga námu 138 ma. kr. á fjórðungnum samanborið við 141 ma. kr. á öðrum ársfjórðungi. Þá lækkar váttryggingaskuld, fyrir hlut endurtryggjenda, úr 84 ma. kr. í 81 ma. kr. á milli fjórðunga.

Eignir umfram skuldbindingar á Solvency II efnahagsreikningi¹ lækka um 7 ma. kr. í 46,6 ma. kr. samanborið við 53,6 ma. kr. árið áður.


Fjárfestingareignir skaðatryggingarfélaga námu 111,6 ma. kr. á þriðja ársfjórðungi ársins 2018 og aukast um 1 ma. kr. frá sama tímabili í fyrra. Mest er aukning milli ára í flokknum „sjóðir/fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu sem aukast um 2,7 ma. kr. á milli ára.

Gjaldþolshlutfall (SCR %) skaðatryggingarfélaga lækkar um 6 prósentustig milli ára, úr 161% í 155%.

¹ Solvency II efnahagsreikningur byggir á uppgjörsaðferðum eigna og skuldbindinga í samræmi við kafla XIII. og XIV. í lögum nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi.



Mynd 1: Samsetning fjárfestingareigna skaðatryggingafélaga eftir tegund.



Mynd 2: Grafið hér er að ofan er s.k. kassarit (e. box plot) sem sýnir dreifingu gjaldþolshlutfalls. Gjaldþolshlutfall er hlutfall gjaldþols og gjaldþolskröfu (SCR) skv. lögum um váttryggingastarfsemi. Miðlína kassans táknar miðgildi gjaldþolshlutfalls, neðri mörk kassans táknar fyrstu fjórðungsmörk gjaldþolshlutfalls og efri mörk kassans táknar þriðju fjórðungsmörkin. Blái punkturinn í kassanum sýnir meðaltal gjaldþolshlutfalls.

Líftryggingafélög – þriðji ársfjórðungur 2018

Iðgjöld tímabilsins í eigin hlut námu 3,6 ma. kr. á fyrstu þremur ársfjórðungum ársins og aukast um 5,2% frá sama tíma í fyrra.

Heildareignir samkvæmt Solvency II efnahagsreikningi námu 18,6 ma. kr. samanborið við 18,3 ma. kr. á sama tímabili í fyrra.


Vátryggingaskuld líftryggingafélaga án söfnunartrygginga nam 4,7 ma. kr. samanborið við 4,9 ma. kr. árið á undan.

Afkoma líftryggingagreina nam 1,5 ma. kr. og var jákvæð í öllum greinum líftrygginga.


Eignir umfram skuldbindingar á Solvency II efnahagsreikningi námu 6,2 ma. kr. samanborið við 6,6 ma. kr árið á undan.

Fjárfestingareignir líftryggingafélaga námu 9,9 ma. kr. við lok þriðja ársfjórðungs ársins 2018 samanborið við 9,4 ma. kr. á sama tímabili í fyrra. Mest er aukning í fyrirtækjaskuldabréfum sem fara úr 2,0 ma. kr í 2,6 ma. kr.

Gjaldþolshlutfall (SCR) líftryggingafélaga var 282% og hækkar frá sama tíma í fyrra þegar hlutfallið var 266%.




Mynd 3: Samsetning fjárfestingaeigna líftryggingafélaga eftir tegund. Fjárfestingar með fjárfestingaáhættu líftryggingataka eru undanskildar í yfirlitinu.




Mynd 4: Grafið hér er að ofan er s.k. kassarit (e. box plot) sem sýnir dreifingu gjaldþolshlutfalls. Gjaldþolshlutfall er hlutfall gjaldþols og gjaldþolskröfu (SCR) skv. lögum um váttryggingastarfsemi. Miðlína kassans táknar miðgildi gjaldþolshlutfalls, neðri mörk kassans tákna fyrstu fjórðungsmörk gjaldþolshlutfalls og efri mörk kassans tákna þriðju fjórðungsmörkin. Blái punkturinn í kassanum sýnir meðaltal gjaldþolshlutfalls.

Samanburður við önnur váttryggingafélög á EES – annar ársfjórðungur 2018


Á meðfylgjandi myndum má sjá samanburð á samsetningu eigna váttryggingafélaga eftir ríkjum EES og hvort um er að ræða skaðatryggingafélög eða líftryggingafélög. Þá er einnig sýnt samsett hlutfall skaðatryggingafélaga eftir löndum. Athygli er vakin á að upplýsingar miðast við annan ársfjórðung 2018. Frekari tölfræði um rekstur evrópskra váttryggingafélaga má nálgast á vef EIOPA [hér](#).



Mynd 5: Samsetning fjárfestingaeigna skaðatryggingafélaga eftir tegund.



Mynd 6: Samsetning fjárfestingaeigna líftryggingafélaga eftir tegund.



Mynd 7: Samsett hlutfall og kostnaðarhlutfall skaðatryggingarfélaga eftir ríkjum EES.